

Ár 2007, miðvikudaginn 3. október, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, í málinu nr. S-210/2007:

Ákærvaldið

(*Gunnar Örn Jónsson ftr.*)

gegn

X

(*Óskar Sigurðsson hrl.*)

kveðinn upp svohljóðandi

**dómur:**

Mál þetta, sem dómtekið var 7. september s.l., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi, dagsettri 21. apríl 2007, á hendur X, kt. 000000-0000, fyrir hegningar- og umferðarlagabrot, með því að hafa síðdegis fimmtudaginn 11. janúar 2007 ekið bifreiðinni J vestur Austurveg á Selfossi, án nægilegrar aðgæslu og varúðar og of hratt miðað við aðstæður og án þess að virða gangbrautarrett, þannig að bifreið ákærða hafnaði á A, kt. 000000-0000, þar sem hún var á leið yfir gangbraut á veginum, austan við frárein frá verslun Nóatúns/Kjarnanum, með þeim afleiðingum að A hlaut brot á lærleggshálsi vinstra megin.

Ákærvaldið segir þessa háttsemi ákærða varða 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 4. gr., 1. mgr., 6. mgr. 26. gr. og 1. mgr., sbr. a., b., c., og h. liði 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sbr. 1. mgr. 100. gr. sömu laga. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar ökuréttar skv. 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Málið var þingfest þann 3. maí s.l. og neitaði ákærði sök. Aðalmeðferð í málinu var haldin þann 7. september s.l. og var málið dómtekið sama dag. Verjandi ákærða gerði þá kröfu að ákærði yrði sýknaður af ákæru. Þá gerði verjandi kröfu um greiðslu málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

**Málsatvik.**

Samkvæmt skýrslu lögreglu kom tilkynning frá Fjarskiptamiðstöð lögreglu um að ekið hefði verið á konu á móts við Nóatún um kl. 15:52 fimmtudaginn 11. janúar s.l. Segir í lögregluskýrslunni að A hafi verið á leið suður yfir Austurveg á

gangbrautinni austan við fráreinina frá Kjarnanum þegar bifreiðin, með einkanúmerið H, sem ekið var í vesturátt, hafnaði á henni. Ekki var hægt að greina merkingar gangbrautar í götu, þar sem gatan var þakin snjó en skilti með gangbrautarmerki var við gangbrautina. Þegar að var komið lá A á gangbrautinni aðeins sunnan við miðja syðri akreinina. Höfuðið sneri í austur. Engin sjáanleg för voru eftir bifreiðina á götunni þar sem það var skafrenningur og ofankoma. Þó mátti sjá hjólför þar sem bifreiðin hafði farið upp á umferðareyjuna og stöðvast skammt vestan við gangbrautina. Þá voru einnig sjáanleg för, að gangbrautinni, eftir gangandi vegfaranda, í lausasnjó, um 1,5 m fyrir austan þann stað sem ætla mátti að gangbrautarmerkingar á götu byrjuðu. Var A flutt af vettvangi með sjúkrabifreið.

Í málinu liggur fyrir læknisvottorð Egils Rafns Sigurgeirssonar, læknis á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, dagsett 9. febrúar 2007. Í vottorðinu segir að A hafi komið á heilsugæslustöðina með sjúkrabíl eftir að ekið hafði verið á hana á gangbraut á Austurvegi. Hún hafi verið með mikla verki í vinstri mjöðm og það sýnt sig að hún hafi verið með brot á lærleggshálsi vinstra megin. Hún hafi farið til aðgerðar á LSH, í Fossvogi, þar sem settur hafi verið í hana gerviliður. Þá sé A enn í endurhæfingu vegna áverka sem hún hafi fengið og ekki sjáist hvernig það endi þó von sé um fullan bata hennar.

*Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna.*

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi að hann hafi verið á leið í vinnuna úr kaffi, akandi í vesturátt meðfram Nóatúni. Sagði ákærði umferðina hafa gengið hægt, þar sem snjóbylur hefði skolið á skömmu áður og skyggnið hefði verið mjög lélegt. Þegar hann hefði verið að aka Austurvegin, meðfram Nóatúni, hefði hann séð hvar kona var að ganga í snjótroðningnum hjá bílastæðunum meðfram Austurveginum. Kvaðst ákærði ekki hafa spáð sérstaklega í för hennar, en þegar hann nálgæðist hana hafi hún hraðað göngu sinni og gengið á ská út á veginn í veg fyrir ákærða þar sem hann kom aðvifandi. Sagði ákærði sig hafa verið á um 20-25 km/klst og kvaðst hann hafa reynt að sveigja bifreið sinni eins mikið til vinstri út í kant og hann hefði getað þegar hann hefði séð í hvað stefndi. Kvað ákærði mjög hált hafa verið á veginum og snjó ofan á sem hefði gert veginn enn hálli. Sagði ákærði konuna hafa farið utan í spegil bifreiðar sinnar. Taldi ákærði konuna hafa farið utan í bifreið sína u.þ.b. fimm metrum áður en komið hefði verið að gangbrautinni en bifreið ákærða stöðvaðist á gangbrautinni. Kvaðst ákærði vel hafa vitað af gangbraut sem þarna er en ekki gert sér grein fyrir að konan hefði ætlað yfir götuna, þar sem hún hefði ekki verið komin að gangbrautinni. Afstöðuteikning af vettvangi var borin undir ákærða sem kvað hana ekki vera alveg rétta, þar sem hann taldi vera lengra frá bílastæði við Austurveg að gangbrautinni. Aukinheldur sem för eftir gangandi vegfaranda hefðu átt að fara út á akbrautina. Aðspurður kvað ákærði dekkjabúnað bifreiðar sinnar hafa verið góðan, um hefði verið að ræða hefðbundin vetrardekk, ónegld. Kvað ákærði ör sem bendir á leið gangandi vegfaranda á uppdrættinum af vettvangi ekki vera rétta, heldur hafi konan gengið þvert yfir veginn í veg fyrir bíl ákæra u.þ.b. 4-5 metrum áður en komið er að gangbrautinni. Aðspurður kvaðst ákærði hafa veitt tveimur konum athygli þegar hann ók eftir Austurveginum og kvað hann aðra konuna hafa orðið vitni að atvikinu. Þá kvað ákærði konuna sem lenti á bifreið sinni hafa verið klædda í pels með stóra hettu á höfði. Sagði ákærði konuna hafa

haldið með höndunum í hettuna og gengið út á götuna án þess að huga að umferð. Aðspurður út í hemlakerfi bifreiðarinnar kvað ákærði það hafa verið í finu lagi, þó bifreiðin hafi ekki verið búin ABS hemlakerfi sökum aldurs.

A skýrði svo frá fyrir dómi að hún hafi verið á gangi á gangstéttinni meðfram Nóatúni en ætlað yfir Austurvegin. Sagðist hún hafa farið yfir snjóruðning sem hafi verið á gangstéttinni og þegar hún hefði verið komin miðja vegu yfir gangbrautina hefði bifreið ekið á vinstri mjöðm hennar. Kvaðst A hafa aðeins misst meðvitund um stund en rankað við sér þar sem hún lá hálf undir bifreiðinni og hálf fyrir utan hana. Kvaðst A þá hafa fundið þegar bifreiðin fór yfir hægri fót hennar. Aðspurð um veðuraðstæður kvað A snjófól hafa verið yfir öllu og smá vind. Þá kvað A sig hafa séð bílljós við endann á bílaröðinni við Austurvegin og hafa talið sig komast yfir. Kvaðst hún hafa slasast frekar illa en vera búin að ná sér að mestu leyti líkamlega. Hins vegar sagðist hún þjást af jafnvægisleysi eftir atvikið og sífelldum martröðum. Aðspurð kvaðst A hafa verið í vetrarkápu með góðri hettu sem hún kvað hafa bjargað miklu því hún rankaði við sér með andlitið í rósarunna á umferðareyjuni. Nánar aðspurð kvaðst A hafa verið á gangstéttinni en ekki á bílastæðinu við gangstéttina. Kvað A uppdrátt af vettvangi ekki réttan, þar sem snjóruðningur hafi verið á gangstéttinni en ekki á bílastæðinu við Austurvegin eins og sýndur er á vettvangsteikningu lögreglu. Sagði A konu hafa verið sér samferða en kvað hana hafa haldið áfram þegar hún hefði farið yfir götuna. Aðspurð kvaðst A hafa dregist með bifreiðinni nokkuð og hefði úlpan hennar borið þess merki. Þá kvað A aðspurð staðsetningu hennar á uppdrætti lögreglunnar vel geta passað.

Vitnið Rúnar Þór Steingrímsson, lögregluvarðstjóri, skýrði svo frá fyrir dómi að borist hafi tilkynning um að ekið hefði verið á fullorðna konu á Austurveginum, á móts við Nóatún. Sagði vitnið mikla umferð hafa verið í umrætt sinn, snjókomu, skafrenning og leiðinda færi. Þegar vitnið kom á vettvang hafði bifreið ákærða verið lagt skammt frá slysstaðnum en för voru eftir bifreiðina þar sem hún hafði hafnað upp á umferðareyjuni, milli akbrauta, við gangbrautina en engin för voru sjáanleg á akbrautinni sjálfri. Kvað vitnið að bifreið ákærða hefði verið á slitnum heilsársdekkjum að framan en góðum dekkjum að aftan. Aðspurt kvaðst vitnið ekki muna hversu langt snjóskaflinn hefði náð inn á gangstéttina við gangbrautina, þar sem allt hefði verið á kafi í snjó í umrætt sinn, ásamt ofankomu og skafrenningi. Kvaðst vitnið þó telja uppdrátt sinn vera nokkuð réttan. Þá kvað vitnið fljúgandi hálfu hafa verið og nýr snjór hefði verið á hálu undirlaginu. Aðspurt kvað vitnið tjónþola hafa legið nokkuð vinstra megin á akbrautinni en gangbrautarmerkingarnar á uppdrættinum hefðu ekki verið nákvæmar þar sem snjór hefði verið yfir öllu. Vitnið kvaðst ekki muna til þess að búíð hefði verið að ryðja fyrir gangbrautinni sérstaklega og því hafi verið snjóruðningur nokkurn veginn meðfram öllum Austurveginum.

Vitnið Ólafur Gísli Agnarsson, lögreglunemi, skýrði svo frá fyrir dómi að hann hefði farið á vettvang þegar tilkynning hefði komið um umferðarslys á Austurvegi á móts við Nóatún. Kvað vitnið veður hafa verið afleitt, mikil ofankoma, snjór yfir öllu, hálka, dimmt í veðri og mikil umferð hefði verið. Kvaðst vitnið hafa farið í að stýra umferð framhjá slysstaðnum, þ.e. í gegnum bílastæðin hjá Nóatúni. Sagði vitnið einu sjáanlegu förin eftir bifreið ákærða hafa verið á umferðareyjuni vestan við gangbrautina. Aðspurt kvaðst vitnið ekki muna til þess að hafa séð ummerki um að tjónþoli hefði dregist með bifreið ákærða og kvað ólíklegt að það hefði sést sökum veðurs og færðar.

Vitnið B, starfsmaður N og kærasta ákærða kom fyrir dóm og skoraðist ekki vitnaskyldu. Vitnið kvað sig hafa verið í bifreiðinni með ákærða þegar atvikið átti sér stað. Sagði vitnið þau hafa ekið eftir Austurveginum þegar þau verða vör konu sem ætli sér yfir Austurvegin. Kvað hún ákærða hafa reynt að stöðva bifreiðina en það hefði verið orðið um seinan vegna færðar og nálægðar konunnar og bifreiðarinnar. Kvaðst vitnið ekki vera viss um hvort konan hefði komið af gangstéttinni eða af bílastæðinu sem sé meðfram veginum, þar sem snjór hefði verið yfir öllu og skyggni lélegt. Aðspurt kvað vitnið konuna hafa lent á bifreiðinni þannig að olnboginn hefði fyrst komið í gluggapóstinn, hægra megin, en kvaðst ekki hafa tekið eftir því hvort hún hefði dregist með bifreiðinni. Sagði vitnið bifreið ákærða hafa endað með hjólin, vinstra megin, inni í runna á umferðareyju sem sé milli akreinanna. Aðspurt kvaðst vitnið telja að konan hefði komið á ská yfir götuna en ekki beint yfir á gangbrautinni.

Vitnið V gaf símaskýrslu fyrir dóminum. Kvaðst vitnið hafa orðið vitni að því þegar tjónþoli hefði lent á bifreið ákærða. Sagði vitnið tjónþola hafa verið við gangbrautina en kvaðst aðspurt ekki geta sagt með vissu til um hversu nálægt gangbrautinni tjónþoli hefði verið, þar sem snjór hafi verið yfir öllu og mikil hálka. Aðspurt kvað vitnið sig telja að ákærði hefði verið á of mikilli ferð miðað við aðstæður, þó ákærði hefði e.t.v. ekki verið á mikilli ferð sem slíkri.

### **Niðurstaða.**

Ákærða er gefið að sök að hafa ekið bifreið sinni án nægilegrar aðgæslu, varúðar og of hratt miðað við aðstæður með þeim afleiðingum að bifreið hans hafnaði á tjónþola, A, á Austurveginum á móts við Nóatún. Í framburði vitnanna Rúnars, Ólafs og B hefur komið fram að skyggni hafi, í umrætt sinn, verið lélegt sökum snjóbyls, færð hafi verið léleg og mikil hálka. Tjónþoli hefur haldið því fram að hún hafi farið yfir Austurvegin á gangbraut, skammt austan hringtorgsins, en ákærði hefur haldið því fram að tjónþoli hafi gengið á ská út á Austurvegin í veg fyrir bifreið sína 4-5 metrum austan við gangbrautina. Fram hefur komið að snjór hafi verið yfir öllu og snjóruðningur hafi verið meðfram Austurveginum og allar merkingar í götu huldar snjó. Þá hefur tjónþoli borið vitni um að hún hafi dregist með bifreið ákærða nokkurn spöl en kvað endanlega staðsetningu sína vel geta passað miðað við uppdrátt lögreglunnar af vettvangi. Bæði ákærði og tjónþoli hafa borið að uppdráttur af vettvangi sé ekki að öllu leyti í samræmi við það sem þau telji rétt vera en ákærði hefur haldið því fram að för á uppdrætti hefðu átt að fara út á Austurvegin og hefur tjónþoli haldið því fram að snjóruðningur sé rangt staðsettur á uppdrættinum. Verður því að telja óljóst hvar tjónþoli hafi gengið út á Austurvegin og því ósannað að hún hafi farið yfir Austurvegin á gangbrautinni austan við hringtorgið. Af hjólförum eftir bifreið ákærða á umferðareyju milli akreina á Austurveginum, vestan við gangbrautina, virðist sem svo að ákærði hafi sveigt bifreið sinni til vinstri og er það í samræmi við framburð ákærða. Ákærði hefur sagt sig hafa ekið á um 20-25 km/klst en vitnið V kvað ákærða hafa ekið of hratt miðað við aðstæður. Engin ummerki voru á vettvangi um að ákærði hefði ekið bifreiðinni hratt og þá virðast engin ummerki hafa sést á henni um að A hafi lent á henni. A hefur borið að hún hafi dregist nokkurn spöl með bifreið ákærða en samkvæmt vettvangsuppdrætti lá hún á miðri gangbrautinni þegar að var komið.

Að mati dómsins bendir þetta til þess að hún hafi farið út á akbrautina nokkru austan við gangbrautina eins og snjóspor í snjóruðningi virðast gefa til kynna.

Fram hefur komið að ákærði hafi við aksturinn tekið eftir tjónþola, þar sem hún gekk meðfram Austurveginum, en ekki talið að hún hafi ætlað yfir götuna þar sem hún hafi ekki verið komin að gangbrautinni. Þá hefur komið fram að ákærði hafi um leið og hann varð þess áskynja að tjónþoli ætlaði sér yfir götuna, sveigt bifreið sinni til vinstri til að koma í veg fyrir slys og er það í samræmi við rannsóknargögn málsins og framburð vitna. Samkvæmt 12. gr. umferðarlaga hvílir sú skylda á gangandi vegfaranda, sem ætlar yfir akbraut, að hafa sérstaka aðgát gagnvart ökutækjum sem nálgast. Telja verður nægilega upplýst að A hafi ekki gengið yfir akbrautina á umræddri gangbraut og þá verður ekki hafnað þeim framburði ákærða, sem fær stoð í framburði farþegans B, að A hafi gengið utan í hægri hlið bifreiðarinnar. Því telur dómurinn ekki sannað að ákærði hafi, í umrætt sinn, ekið án nægilegrar aðgæslu og varúðar og of hratt miðað við aðstæður og án þess að virða gangbrautarrétt, eins og honum er gefið að sök í ákæru. Verður því ekki hjá því komist að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Óskars Sigurðssonar, hrl., 124.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti greiðist úr ríkissjóði, auk sakarkostnaðar að fjárhæð kr. 12.750 vegna læknisvottorðs.

Hjörtur O. Aðalsteinsson, dómstjóri, kveður upp dóm þennan.  
Dómsuppsaga hefur dregist lítillega vegna embættisanna dómarans.

## **D ó m s o r ð:**

Ákærði, X, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Óskars Sigurðssonar, hrl., 124.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, greiðist úr ríkissjóði auk sakarkostnaðar kr. 12.750 vegna læknisvottorðs.

Hjörtur O. Aðalsteinsson